



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 10. febrúar 2020

RMF19080007

3.1.4

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Samningar við Borgarhátíðir Reykjavíkur 2020-2022

Á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs þ. 10. febrúar voru hjálagðir samningar við Borgarhátíðir Reykjavíkur 2020-2022; Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík - RIFF, Hinsegin daga, Hönnunarmars, Iceland Airwaves, Myrka músíkdaga og Reykjavík Dance Festival, samþykktir.

Samningunum er hér með vísað til borgarráðs.

Jafnframt eru lagðir fram ársreikningar eða fjárhagsuppgjör fyrrgreindra hátíða eða félaga tengdum þeim fyrir árið 2018.

Fyrir hönd menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs,

Inga María Leifsdóttir

verkefnastjóri

skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík - RIFF Borgarhátíð Reykjavíkur samningur 2020-2022

Hinsegin dagar Borgarhátíð Reykjavíkur samningur 2020-2022

Hönnunarmars Borgarhátíð Reykjavíkur samningur 2020-2022

Iceland Airwaves Borgarhátíð Reykjavíkur samningur 2020-2022

Myrkir músíkdagar Borgarhátíð Reykjavíkur samningur 2020-2022

Reykjavík Dance Festival Borgarhátíð Reykjavíkur samningur 2020-2022

Ársreikningur Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík ehf. 2018

Fjárhagsuppgjör Hinsegin dagar 2018

Ársreikningur Hönnunarmiðstöð Íslands 2018

Ársreikningur Iceland Airwaves ehf. 2018

Ársreikningur Tónskáldafélag Íslands 2018
Ársreikningur Reykjavík Dance Festival 2018

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík ehf, kt. 680704-2870, gera með sér svofelldan:

Samstarfssamning

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík ehf., í samningi þessum nefnd RIFF (Reykjavík International Film Festival), á tímabilinu 1. janúar 2020 – 31. desember 2022.

1. gr. Markmið

RIFF er útnefnd ein sex borgarhátíða Reykjavíkur 2020-2022. Markmiðið með útnefningu borgarhátíðanna er að styðja samfellu, framþróun og rekstrarlegan grundvöll hátíða í Reykjavík sem þegar hafa sannað ótvírætt gildi sitt hvað varðar þýðingu fyrir menningarlífið í borginni. Auk þess skal Borgarhátíð Reykjavíkur uppfylla eftirtalin skilyrði:

- vera til eflingar menningar og mannlífs í Reykjavík
- vera opin almenningi, aðgengileg og sýnileg
- hafa verið haldin að lágmarki þrisvar sinnum
- vera haldin árlega
- vera með alþjóðlega tengingu
- standa yfir í þrjá daga eða lengur
- vera með faglega stjórn
- viðhafa góða stjórnarhætti og rekstrarlegt gegnsæi
- fullnægja kröfum um fagmennsku og gæði
- styðja við menningarstarf í hverfum borgarinnar
- stuðla að atvinnusköpun

Einnig var, við útnefninguna, litið til þátta s.s. nýsköpunar, barnamenningar, aðsóknar, stöðugleika, þróunarmöguleika, tímasetningar innan ársins, tekjuöflunarmöguleika, umhverfismála, samstarfs við borgarstofnanir og þess að útnefndar Borgarhátíðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins bæði varðandi gesti og þátttakendur.

Jafnframt skal hátíðin starfa í anda menningarstefnu, mannréttindastefnu og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við RIFF er að:

- efla jákvæða ímynd íslenskra kvikmynda jafnt innanlands sem utan
- vekja athygli á Reykjavík sem alþjóðlegri og framsækinni kvikmyndaborg
- kynna Íslendingum það besta og ferskasta úr alþjóðlegri kvikmyndagerð
- koma íslenskri kvikmyndamenningu á framfæri við erlenda aðila og í erlendum fjölmiðlum
- tryggja samfellu og framþróun í árvissri hátíð sem laði að sér gesti til borgarinnar utan hefðbundins ferðatíma.

2. gr. Markmið RIFF

Hlutverk og markmið RIFF er að:

- sýna úrval nýrra kvikmynda
- tengja kvikmyndir við aðrar listgreinar
- reka fræðsludagskrá sem höfðar bæði til almennings og fagfólks
- halda kvikmyndatengda sérvíðburði
- tengja innlenda og erlenda kvikmyndagerðarmenn
- vera þekkingarmiðja og stuðla að bættri kvikmyndamenningu hérlendis m.a. með námskeiðum og ráðstefnum sem höfða bæði til almennings og fagfólks
- vekja athygli á Reykjavík sem kvikmyndaborg og Íslandi sem kvikmyndalandi

RIFF tekur þátt í samfélagslegri umræðu með því að sýna kvikmyndir sem snerta mikilvæg málefni og hafa jafnframt gott skemmtana- og listrænt gildi.

Stefna RIFF er að skapa ár hvert eftirminnilega hátíð sem setur sitt mark á íslenskt menningarlíf. RIFF er ekki rekið í hagnaðarskyni en engu að síður atvinnuskapandi fyrirtæki með samstarfsaðila úr öllum áttum.

3. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg RIFF til í beinum fjárframlögum, kr. 10.000.000.- á ári 2020, 2021 og 2022. Greiðsla framlags skiptist þannig ár hvert:

- kr. 2.500.000 þ. 1. - 3. janúar
- kr. 2.500.000 þ. 1.-3. apríl
- kr. 2.500.000 þ. 1. – 3. ágúst
- kr. 2.500.000 þ. 1. – 3. október

Framlagið greiðist inn á bankareikning 0306 – 26 – 002870. Ekki er um frekari bein fjárframlög Reykjavíkurborgar til RIFF að ræða.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2021 og 2022 eru með fyrirvara um samþykki borgarráðs og heimildir í fjárhagsáætlun 2021 og 2022. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

4. gr. Framlag RIFF og forsaga hátíðarinnar

RIFF skipuleggur og stjórnar framkvæmd á alþjóðlegri kvikmyndahátíð sem haldin er árlega í Reykjavík 2020, 2021 og 2022.

Dagskrá RIFF miðar að því að kynna nýjar kvikmyndir sem listgrein og að við sem Evrópubúar fáum að kynnast því nýjasta og besta í kvikmyndalist frá Evrópu. Myndir koma frá menningarsvæðum víða að úr heiminum. RIFF vill taka þátt í samfélagslegri umræðu með því að sýna kvikmyndir sem snerta mikilvæg málefni og hafa jafnframt gott skemmtana og listrænt gildi. Kvikmyndum hátíðarinnar er skipt í eftirfarandi flokka:

- a) Vitranir: Keppnisflokkur. Framsæknar myndir ungra leikstjóra
- b) Fyrir opnu hafi: Vinsælar hátíðarmyndir frá í ár
- c) Önnur framtíð: Umhverfis- samfélags- og mannréttindamál
- d) Heimildarmyndir: Allt frá listum til tækni til stríðsátaka og sagnfræði
- e) Ísland í brennidepli: Íslensk kvikmyndagerð og myndir um Ísland
- f) Sjónarrönd: Ný kvikmyndalist eins þjóðríkis

Auk þess eru kvikmyndir heiðursgesta sýndar, sem og sérsýningar utan flokka eftir því sem við á. Sýndar eru kvikmyndir á óvenjulegum stöðum, t.d. í sundi eða heitum potti, kvikmyndatónleika, bíó í heimahúsi, hellabíó, auk þess sem haldnar eru uppákomur sem sýna samspil matar og mynda o.s.frv. Þetta er m.a. gert til þess að þróa frekar markhópin og stækka hann. Fjölbreytt kvikmyndaúrval veitir innsýn í aðra menningarheima og hjálpar þannig til við að auka skilning og draga úr fordómum. Á RIFF hefur verið lögð áhersla á að þeir sem ekki komast allajafna í bíó fái að njóta dagskrárinnar. Með það í huga hefur hátíðin t.d. sýnt kvikmyndir á Litla-Hrauni og á hjúkrunarheimilum. Auk þess sem kvikmyndir eru sýndar hér og þar um borgina á meðan á hátíð stendur, eins og til dæmis á bókasöfnum, kaffihúsum verslunum og fleiri stöðum.

Metnaðarfull fræðsludagskrá fer fram samhliða hátíðinni í formi pallborðsumræðna og meistaraspjalla með gestum hátíðarinnar, sem eru í langflestum tilfellum ókeypis og opin almenningi og fagfólk sérstaklega boðið velkomið. Auk þess stendur RIFF fyrir spurt- og svarað sýningum (Q&A) þar sem leikstjórar eru viðstaddir sýningar mynda sinna og árlegri alþjóðlegri kvikmyndasmiðju með ungu kvikmyndagerðarfólki, Talent Lab, sem stendur yfir í fimm daga á meðan á hátíð stendur.

Hátíðina sækir fjöldi fagfólks, ferðamanna og blaðamanna. Reynslan sýnir að áhugi þeirra snýst ekki síst um að fjalla um íslenskan kvikmyndaiðnað og menningu. Sérstök dagskrá, Bransadagar, miðar að því að tengja erlenda gesti við íslenskt atvinnufólk og fara m.a. á þekktu tókustaði.

Kvikmyndahátíðin RIFF hefur verið haldin í Reykjavík árlega frá stofnun árið 2004 og er orðið þekkt vörumerki víða um heim. Á næstu fimm árum er markmiðið að auka veltu RIFF úr 60 milljónum í um 120 milljónir og hámarka sætanýtingu. Árlega sækja um það bil 20.000 gestir hátíðina. RIFF stefnir að því að auka aðsókn á hátíðina með það að markmiði að gestir hátíðarinnar verði hátt í 50 þúsund árið 2025 og að RIFF verði meðal fremstu kvikmyndahátíða í norðanverðri Evrópu á næstu 10 árum og eflí þannig hróður Reykjavíkur og leiði til landsins nýja hópa ferðamanna.

5. gr. Kynningarmál

Reykjavíkurborg vill að sýnileiki Borgarhátíða sé eins mikill og kostur er. Reykjavíkurborg tekur í því augnamiði að sér uppsetningu og niðurtöku fána RIFF í miðborg Reykjavíkur og hvetur til aukins samtals og samstarfs milli Reykjavíkurborgar og RIFF um aðgerðir sem auka sýnileika hátíðarinnar.

RIFF ber ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar og og leggur sig fram um að skapa sem besta og jákvæðasta umfjöllun og kynningu á hátíðinni í innlendum sem erlendum fjölmiðlum.

Á öllu kynningarefni RIFF jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að RIFF sé styrktur af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni RIFF, þ.á.m. á vefsvæði hátíðarinnar, í auglýsingum, veggspjöldum, bæklingum,

markaðspósti, boðskortum og í allri sérstakri útgáfu með því að hafa auðkennismerki Reykjavíkurborgar sýnilegt.

RIFF skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar hátíðin er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við.

Hafa má samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum ef óskað er eftir og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík.

6. gr. Ábyrgð

RIFF ber ábyrgð á RIFF, fagmennsku hátíðarinnar og gæðum. RIFF ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. RIFF er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við RIFF. Samráðsfundur aðila samningsins skulu haldnir í júní ár hvert 2020, 2021 og 2022, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins. RIFF leggur á júnífundum fram endurskoðað uppgjör eða áritaðan ársreikning vegna fyrra árs ásamt áformum um hvernig næsta hátíð muni uppfylla markmið samningsins. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna. Jafnframt skal leggja fram endurskoðað uppgjör eða áritaðan ársreikning fyrir menningar-, íþrótt- og tómstundaráð árlega og skal fulltrúi RIFF kynna hátíðina og uppgjörið á fundi ráðsins, sé þess óskað.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji RIFF hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er heimilt að fella niður greiðslur þar til RIFF hefur sýnt fram á að hún muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs þ. 21. október 2019 um Borgarhátíðir Reykjavíkur 2020 – 2022. Samningurinn gildir til 31. desember 2022. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

10. gr. Meðferð ágreiningsmála

Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík,

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift, nafn og kennitala:

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Hinsegin dagar í Reykjavík kt. 561199-2219 gera með sér svofelldan:

Samstarfssamning

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Hinsegin daga í Reykjavík - Reykjavík Pride á tímabilinu 1. janúar 2020 – 31. desember 2022.

1. gr. Markmið

Hinsegin dagar er útnefnd ein sex borgarhátíða Reykjavíkur 2020-2022. Markmiðið með útnefningu borgarhátíðanna er að styðja samfellu, framþróun og rekstrarlegan grundvöll hátíða í Reykjavík sem þegar hafa sannað ótvírætt gildi sitt hvað varðar þýðingu fyrir menningarlífið í borginni. Auk þess skal Borgarhátíð Reykjavíkur uppfylla eftirtalin skilyrði:

- vera til eflingar menningar og mannlífs í Reykjavík
- vera opin almenningi, aðgengileg og sýnileg
- hafa verið haldin að lágmarki þrisvar sinnum
- vera haldin árlega
- vera með alþjóðlega tengingu
- standa yfir í þrjá daga eða lengur
- vera með faglega stjórn
- viðhafa góða stjórnarhætti og rekstrarlegt gegnsæi
- fullnægja kröfum um fagmennsku og gæði
- styðja við menningarstarf í hverfum borgarinnar
- stuðla að atvinnusköpun

Einnig var, við útnefninguna, litið til þátta s.s. nýsköpunar, barnamenningar, aðsóknar, stöðugleika, þróunarmöguleika, tímasetningar innan ársins, tekjuöflunarmöguleika, umhverfismála, samstarfs við borgarstofnanir og þess að útnefndar Borgarhátíðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins bæði varðandi gesti og þátttakendur.

Jafnframt skal hátíðin starfa í anda menningarstefnu, mannréttindastefnu og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Hinsegin daga í Reykjavík - Reykjavík Pride er að:

- auka veg og virðingu Hinsegin daga í Reykjavík - Reykjavík Pride sem menningarviðburðar í borginni
- efla og vekja athygli á menningu og félagslífi hinsegin fólks á Íslandi
- stuðla að fræðslu um fjölbreytt málefni sem snerta ólíka hópa innan hinsegin samfélagsins
- starfa í anda mannréttindastefnu borgarinnar sem hefur jafnræði borgaranna og mannréttindi að leiðarljósi
- kynna Reykjavík sem hátíðaborg sem er í fararbroddi í mannréttindamálum
- hafa samvinnu við þá sem vinna að því að efla frumkvæði, nýsköpun, þekkingaröflun og sjálfsprottið starf sem hefur jafnrétti og mannréttindi að leiðarljósi.
- tryggja samfellu og framþróun í árvissri hátíð sem laði að sér gesti til borgarinnar.

2. gr. Markmið Hinsegin daga

Hlutverk og markmið Hinsegin daga í Reykjavík – Reykjavík Pride er að:

- halda árlega hinsegin hátíð - Reykjavík Pride í Reykjavík
- halda gleðigöngu og útihátíð í miðborg Reykjavíkur seinnihluta sumars ár hvert þar sem öllum borgarbúum er frjálst að fylgjast með og taka þátt
- stuðla með starfsemi sinni að vexti og viðgangi hinsegin menningar og félagslífs í íslensku samfélagi
- rækta tengsl við erlendar hreyfingar tengdra hátíða og taka þátt í skipulögðu samstarfi við þær

Hinsegin dagar standa árlega fyrir fjölda viðburða sem allir eru opnir almenningi. Árið 2019 voru viðburðir hátíðarinnar um 40 talsins, auk fjölda off venue viðburða. Aðgangur að 24 viðburðum Hinsegin daga var án endurgjalds en með því er leitast við að tryggja möguleika sem flestra til þátttöku. Til að tryggja rekstrargrundvöll félagsins er þó nauðsynlegt að leggja aðgangseyri á ákveðna viðburði, en miðaverði er þó alltaf haldið í lágmarki. Hinsegin dagar hafa um árabil lagt áherslu á að tryggja aðgang, þátttöku og sýnileika fjölbreyttra samfélagshópa með ólíkar þarfir. Hinsegin dagar leitast við að halda viðburði um málefni fólks á ólíkum aldri og sem höfða til allra aldurshópa.

3. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Hinsegin dögum til í beinum fjárframlögum, kr. 10.000.000.- á ári 2020, 2021 og 2022. Greiðsla framlags skiptist þannig ár hvert:

kr. 4.000.000 þ. 1. - 3. mars

kr. 4.000.000 þ. 1.-3. júní

kr. 2.000.000 þ. 1. – 3. september

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 150 -26 -8100. Ekki er um frekari bein fjárframlög Reykjavíkurborgar til Hinsegin daga að ræða.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2021 og 2022 eru með fyrirvara um samþykki borgarráðs og heimildir í fjárhagsáætlun 2021 og 2022. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til sammingsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

4. gr. Framlag Hinsegin daga og forsaga hátíðarinnar

Hinsegin dagar í Reykjavík - Reykjavík Pride halda árlega 2020, 2021 og 2022 menningar-, mannréttinda- og margbreytileikahátíð hátíð þar sem hápunktur daganna er gleðiganga og útihátíð í miðborg Reykjavíkur, þar sem öllum borgarbúum er frjálst að fylgjast með og taka þátt.

Í dagskrá Hinsegin daga er mikil áhersla lögð á menningu og listir. Hinsegin dagar gegna afar mikilvægu hlutverki sem eina hátíðin á Íslandi sem sérstaklega hampar menningu hinsegin fólks og listum sem tengjast hinsegin samfélagi og sögu á einn eða annan hátt. Sem dæmi um fjölbreytta menningar- og listviðburði undanfarinna ára má nefna sögugöngur, ljóðasamkeppnir, bókmenntakvöld og upplestur, fjölbreyttar ljósmynda- og listasýningar, leiksýningar og tónleika af ýmsum toga. Þá eru Hinsegin dagar einn helsti skrásetjari hinsegin sögu og baráttu á Íslandi, en ár hvert gefur félagið út tímarit sem er ætlað að veita upplýsingar um dagskrá hvernar hátíðar og um

leið að fræða lesendur. Í ritinu eru meðal annars viðtöl og greinar tengdar hinsegin sögu og menningu. Hinsegin dagar varpa á metnaðarfullan hátt ljósi á hinsegin sögu og menningu á Íslandi með fjölbreyttri dagskrá sem byggir á virki þátttöku gesta.

Hinsegin dagar í Reykjavík - Reykjavík Pride hefur verið haldin árlega í Reykjavík milli verslunarmannahelgar og Menningarnætur frá árinu 1999. Undanfarin ár hefur hátíðin staðið í allt að 10 daga og u.þ.b. 100.000 gestir hafa komið í miðborgina þegar hátíðin nær hápunkti sínum með gleðigöngu og útihátíð við Arnarhól. Hinsegin dagar hafa þannig fest sig í sessi sem ein af stærstu hátíðum landsins. Hin almenna þátttaka Íslendinga og erlendra gesta í hátíðahöldunum hefur vakið athygli víða um heim og dregur árlega fjölda fólks til Reykjavíkur. Hinsegin dagar í Reykjavík - Reykjavík Pride eru sýnileika-, baráttu- og menningarhátíð og mikilvægur þáttur í lífi og sjálfsvitund hinsegin fólks á Íslandi. Hátíðin hefur þróast frá því að vera fyrst og fremst kröfuganga fyrir grundvallarmannréttindum og samfélagslegri viðurkenningu yfir í að vera víðfeðm mannréttinda- og menningarhátíð sem leggur jöfnum höndum áherslu á fræðslu, fögnuð og baráttu.

5. gr. Kynningarmál

Reykjavíkurborg vill að sýnileiki Borgarhátíða sé eins mikill og kostur er. Reykjavíkurborg tekur í því auginni að sér uppsetningu og niðurtöku fána Hinsegin daga í miðborg Reykjavíkur og hvetur til aukins samtals og samstarfs milli Reykjavíkurborgar og Hinsegin daga um aðgerðir sem auka sýnileika hátíðarinnar.

Hinsegin dagar bera ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar og leggja sig fram um að skapa sem besta og jákvæðasta umfjöllun og kynningu á hátíðinni í innlendum sem erlendum fjölmiðlum.

Á öllu kynningarefni Hinsegin daga jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að Hinsegin dagar séu styrktir af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni Hinsegin daga, þ.á.m. á vefsvæði hátíðarinnar, í auglýsingum, veggspjöldum, bæklingum, markaðspósti, boðskortum og í allri sérstakri útgáfu með því að hafa auðkennismerki Reykjavíkurborgar sýnilegt.

Hinsegin dagar skulu gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar hátíðin er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við.

Hafa má samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum ef óskað er eftir og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík.

6. gr. Ábyrgð

Hinsegin dagar ber ábyrgð á Hinsegin dögum, fagmennsku hátíðarinnar og gæðum. Hinsegin dagar bera ábyrgð á skuldbindingum sem hátíðin eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Hinsegin dögum er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Hinsegin daga. Samráðsfundur aðila samningsins skulu haldnir í apríl/maí ár hvert 2020, 2021 og 2022, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins. Hinsegin dagar leggja á þeim fundi fram endurskoðað uppgjör eða áritaðan ársreikning vegna fyrra árs ásamt áformum um hvernig næsta hátíð muni uppfylla markmið samningsins. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna. Jafnframt skal leggja fram endurskoðað uppgjör eða áritaðan ársreikning fyrir menningar-, íþrótt- og tómstundaráð árlega og skal fulltrúi Hinsegin daga kynna hátíðina og uppgjórið á fundi ráðsins, sé þess óskað.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Hinsegin dagar hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er heimilt að fella niður greiðslur þar til Hinsegin dagar hafa sýnt fram á að hátíðin muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs þ. 21. október 2019 um Borgarhátíðir Reykjavíkur 2020 – 2022. Samningurinn gildir til 31. desember 2022. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

10. gr. Meðferð ágreiningsmála

Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík,

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Hinsegin daga

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift, nafn og kennitala:

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Hönnunarmiðstöð Íslands ehf kt. 460208-0170, í samningi þessum nefnd Hönnunarmiðstöð, gera með sér svofelldan:

Samstarfssamning

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Hönnunarmiðstöð vegna borgarhátíðarinnar HönnunarMars á tímabilinu 1. janúar 2020 – 31. desember 2022.

1. gr. Markmið

HönnunarMars er útnefnd ein sex borgarhátíða Reykjavíkur 2020-2022. Markmiðið með útnefningu borgarhátíðanna er að styðja samfellu, framþróun og rekstrarlegan grundvöll hátíða í Reykjavík sem þegar hafa sannað ótvírætt gildi sitt hvað varðar þýðingu fyrir menningarlífið í borginni. Auk þess skal Borgarhátíð Reykjavíkur uppfylla eftirtalin skilyrði:

- vera til eflingar menningar og mannlífs í Reykjavík
- vera opin almenningi, aðgengileg og sýnileg
- hafa verið haldin að lágmarki þrisvar sinnum
- vera haldin árlega
- vera með alþjóðlega tengingu
- standa yfir í þrjá daga eða lengur
- vera með faglega stjórn
- viðhafa góða stjórnarhætti og rekstrarlegt gegnsæi
- fullnægja kröfum um fagmennsku og gæði
- styðja við menningarstarf í hverfum borgarinnar
- stuðla að atvinnusköpun

Einnig var, við útnefninguna, litið til þátta s.s. nýsköpunar, barnamenningar, aðsóknar, stöðugleika, þróunarmöguleika, tímasetningar innan ársins, tekjuöflunarmöguleika, umhverfismála, samstarfs við borgarstofnanir og þess að útnefndar Borgarhátíðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins bæði varðandi gesti og þátttakendur.

Jafnframt skal hátíðin starfa í anda menningarstefnu, mannréttindastefnu og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Hönnunarmiðstöð vegna HönnunarMars er að:

- styrkja íslenska hönnun og arkitektúr
- vekja áhuga og auka skilning á mikilvægi góðrar hönnunar fyrir menningar- og efnahagslífið og þjóðfélagið í heild
- vekja athygli á og kynna íslenska hönnun hér á landi og erlendis með sérstakri áherslu á Reykjavík sem hönnunarborg
- tryggja samfellu og framþróun í árvissri hátíð sem laði að sér gesti til borgarinnar

2. gr. Markmið HönnunarMars

HönnunarMars er hátíð hönnuða og arkitekta sem haldin er í Reykjavík á mörkum veturs og vors þar sem framsækin hönnun og nýjungar leiða samtal þátttakenda og áhorfenda. HönnunarMars er fríríki nýjunga og óvæntrar nálgunar, líflæg höfn hugmynda, ólíkra sjónarmiða, menningarheima og þekkingar sem býr til hreyfiafl sem auðgar og bætir samfélagið.

Markmið HönnunarMars er að vera opinn og eftirsóttur vettvangur samtals um nýjungar og framsækna hönnun. Að bjóða upp á faglega dagskrá með áhrifamiklum verkefnum sem höfða til ólíkra hópa. Að leiða saman ólíka hópa til að skapa ný verkefni og tækifæri.

3. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Hönnunarmiðstöð til í beinum fjárframlögum, kr. 10.000.000.- á ári 2020, 2021 og 2022. Greiðsla framlags skiptist þannig ár hvert:

kr. 4.000.000 þ. 1. - 3. febrúar

kr. 4.000.000 þ. 1.-3. mars

kr. 2.000.000 þ. 1. – 3. júní.

Framlagið greiðist inn á bankareikning 0101 – 26 – 080170. Ekki er um frekari bein fjárframlög Reykjavíkurborgar til Hönnunarmiðstöðvar að ræða.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2021 og 2022 eru með fyrirvara um samþykki borgarráðs og heimildir í fjárhagsáætlun 2021 og 2022. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

4. gr. Framlag HönnunarMars og forsaga hátíðarinnar

Hönnunarmiðstöð skipuleggur og heldur HönnunarMars árlega 2020, 2021 og 2022 og kynnir jafnframt íslenska hönnun og Reykjavík sem hönnunarborg í gegnum erlend samstarfsverkefni sem tengjast hátíðinni.

HönnunarMars er alþjóðlegur viðburður í Reykjavík og stærsta kynningarverkefni á sviði hönnunar og arkitektúrs á hverju ári. Hönnunarmiðstöð hefur staðið fyrir HönnunarMarsi árlega frá árinu 2009 og vinnur nú að undirbúningi hans allt árið. Dagskráin er unnin af félögum nú sem eiga Hönnunarmiðstöð og hún fær söfn, gallerí, listaháskóla, einstaka hönnuði ofl. til samstarfs.

Á HönnunarMarsi:

- frumsýna hönnuðir ný verk
- fara fram viðskiptastefnumót íslenskra og erlendra fyrirtækja við fyrirtæki hönnuða
- er hvatt til samstarfs og nýrra stefnumóta
- felast þróunar-, mennta- og nýsköpunartækifæri
- eru ótal tækifæri til verðmætasköpunar og kynningar á íslenskri hönnun á Íslandi og á alþjóðavettvangi

HönnunarMars hefur fest sig í sessi sem ein af stærstu hátíðum borgarinnar. Markvisst er unnið að því að auka fjölda erlendra blaðamanna og gesta sem koma til landsins sérstaklega til að taka þátt í HönnunarMarsi. Hátíðin er nú þegar orðinn vel kynnt víða erlendis sem einstakur og áhugaverður

hönnunarviðburður fyrir erlent fagfólk þar sem þekking og viðskipti renna saman við skemmtun og spennandi borgar- og náttúruupplifun. Hönnunarmiðstöð hefur jafnframt staðið fyrir sýningum á íslenskri hönnun erlendis.

HönnunarMars brúar bilið á milli nýskapandi hönnunar yfir í viðskipti og útflutning. Á næstu árum verður lögð áhersla að auka breiddina enn frekar, tryggja að allar greinarnar eigi fastan og öruggan sess innan hátíðarinnar. Einnig verður unnið í því að styrkja innihaldið, gæði og fagmennsku og tryggja góða sýningarstaði.

5. gr. Kynningarmál

Reykjavíkurborg vill að sýnileiki Borgarhátíða sé eins mikill og kostur er. Reykjavíkurborg tekur í því augnamiði að sér uppsetningu og niðurtöku fána HönnunarMars í miðborg Reykjavíkur og hvetur til aukins samtals og samstarfs milli Reykjavíkurborgar og HönnunarMars um aðgerðir sem auka sýnileika hátíðarinnar.

Hönnunarmiðstöð ber ábyrgð á markaðssetningu HönnunarMars og og leggur sig fram um að skapa sem besta og jákvæðasta umfjöllun og kynningu á hátíðinni í innlendum sem erlendum fjölmiðlum.

Á öllu kynningarefni HönnunarMars jafnt innanlands sem utan skal koma fram að HönnunarMars sé styrktur af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni HönnunarMars.

HönnunarMars skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila þar sem því verður komið við.

Hafa má samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum ef óskað er eftir og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík.

6. gr. Ábyrgð

Hönnunarmiðstöð ber ábyrgð á HönnunarMarsi, fagmennsku hátíðarinnar og gæðum.

Hönnunarmiðstöð ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Hönnunarmiðstöð er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Hönnunarmiðstöð. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í júní ár hvert 2020, 2021 og 2022, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins. Hönnunarmiðstöð leggur á júnifundi fram endurskoðað uppgjör eða áritaðan ársreikning vegna fyrra árs og skýrslu nýliðins HönnunarMars ásamt áformum um hvernig næsta hátíð muni uppfylla markmið samningsins. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna. Jafnframt skal leggja fram endurskoðað uppgjör eða áritaðan ársreikning fyrir menningar-, íþróttar- og tómstundaráð árlega og skal fulltrúi HönnunarMars kynna hátíðina og uppgjörið á fundi ráðsins, sé þess óskað.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Hönnunarmiðstöð hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er heimilt að fella niður greiðslur þar til Hönnunarmiðstöð hefur sýnt fram á að hún muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar-, íþróttá og tómstundaráðs þ. 21. október 2019 um Borgarhátíðir Reykjavíkur 2020 – 2022. Samningurinn gildir til 31. desember 2022. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

10. gr. Meðferð ágreiningsmála

Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík,

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Hönnunarmiðstöðvar Íslands

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift, nafn og kennitala:

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og IA tónlistarhátíð ehf kt. 660510-1250, Laugavegi 105 Reykjavík gera með sér svofelldan:

Samstarfssamning

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Iceland Airwaves á tímabilinu 1. janúar 2020 – 31. desember 2022.

1. gr. Markmið

Iceland Airwaves er útnefnd ein sex borgarhátíða Reykjavíkur 2020-2022. Markmiðið með útnefningu borgarhátíðanna er að styðja samfellu, framþróun og rekstrarlegan grundvöll hátíða í Reykjavík sem þegar hafa sannað ótvírætt gildi sitt hvað varðar þýðingu fyrir menningarlífið í borginni. Auk þess skal Borgarhátíð Reykjavíkur uppfylla eftirtalin skilyrði:

- vera til eflingar menningar og mannlífs í Reykjavík
- vera opin almenningi, aðgengileg og sýnileg
- hafa verið haldin að lágmarki þrisvar sinnum
- vera haldin árlega
- vera með alþjóðlega tengingu
- standa yfir í þrjá daga eða lengur
- vera með faglega stjórn
- viðhafa góða stjórnarhætti og rekstrarlegt gegnsæi
- fullnægja kröfum um fagmennsku og gæði
- styðja við menningarstarf í hverfum borgarinnar
- stuðla að atvinnusköpun

Einnig var, við útnefninguna, litið til þátta s.s. nýsköpunar, barnamenningar, aðsóknar, stöðugleika, þróunarmöguleika, tímasetningar innan ársins, tekjuöflunarmöguleika, umhverfismála, samstarfs við borgarstofnanir og þess að útnefndar Borgarhátíðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins bæði varðandi gesti og þátttakendur.

Jafnframt skal hátíðin starfa í anda menningarstefnu, mannréttindastefnu og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Iceland Airwaves er að:

- efla tónlistarlíf í Reykjavík
- styrkja jákvæða ímynd íslenskrar tónlistar jafnt innanlands sem utan
- vekja athygli á Reykjavík sem tónlistarborg
- koma íslenskum tónlistarmönnum á framfæri við erlenda aðila og í erlendum fjölmiðlum
- tryggja samfellu og framþróun í árvissri hátíð sem laði að sér gesti til borgarinnar utan hefðbundins ferðatíma

2. gr. Markmið Iceland Airwaves

Iceland Airwaves tónlistarhátíðin starfar eftir þremur markmiðum:

- Halda tónlistahátíð á heimsmælikvarða
- Fjölga ferðamönnum utan háannatíma í Reykjavík
- Efla útflutning íslenskrar tónlistar

Hátíðin er ein sinnar tegundar á Íslandi. Engin önnur hátíð á Íslandi, hvort sem um er að ræða tónlistarhátíð eða annað, leggur jafn mikið upp úr því að efla innviði og auka útflutning á íslenskri menningu, en það er grunntilgangur hátíðarinnar. Á Iceland Airwaves fær íslenskt tónlistarfólk og fagaðilar í tónlist að hitta og tengjast við stóran hóp alþjóðlegra fagaðila frá sumum af mikilvægustu tónlistarfyrirtækjum heims á sínum heimavelli. Einnig eru haldin námskeið, pallborðsumræður, tengslamyndunarfundir og fyrirlestrar þar sem íslenskir tónlistarmenn og fagaðilar fá tækifæri til að deila þekkingu með aðilum sem eru fremstir á sínu sviði alþjóðlega.

3. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Iceland Airwaves til í beinum fjárframlögum, kr. 10.000.000.- á ári 2020, 2021 og 2022. Greiðsla framlags skiptist þannig ár hvert:

- kr. 2.500.000 þ. 1. - 3. mars
- kr. 2.500.000 þ. 1.-3. júní
- kr. 2.500.000 þ. 1. – 3. september
- kr. 2.500.000 þ. 1. – 3. nóvember

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 0133 – 26 - 13802. Ekki eru um frekari fjárframlög Reykjavíkurborgar til Iceland Airwaves að ræða.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2021 og 2022 eru með fyrirvara um samþykki borgarráðs og heimildir í fjárhagsáætlun 2021 og 2022. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til sammingsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

4. gr. Framlag Iceland Airwaves og forsaga hátíðarinnar

Iceland Airwaves tekur að sér að skipuleggja og stjórna framkvæmd á Iceland Airwaves tónlistarhátíðinni árlega 2020, 2021 og 2022.

Iceland Airwaves tónlistarhátíðin hefur verið haldin árlega frá árinu 1998 og hefur vaxið smám saman í þekktu alþjóðlega tónlistarhátíð. Hátíðin hefur reynst stökkpallur íslenskra hljómsveita sem eru að sækja á erlend mið auk þess að reynast landkynning sem hefur án efa skilað sér í mikilli aukningu ferðamanna, sem nefna tónlist sem eina af ástæðum ferðalagsins.

Iceland Airwaves hátíðin hefur verið einn helsti menningarviðburður í íslensku tónlistarlífi í rúm 20 ár. Hátíðin hefur eflt og styrkt íslenska tónlistarhöfunda og flytjendur þar sem þeir hafa fengið tækifæri til að leika sína tónlist fyrir stóran hóp af erlendum og innlendum gestum. Á hátíðinni fá Reykvíkingar tækifæri til að hlusta á stóra og þekktu listamenn í bland við nýja og upprennandi á sínum heimavelli,

í miðbæ Reykjavíkur. Borgin iðar af lífi alla hátíðardagana og stendur svo sannarlega undir nafni sem tónlistarborgin Reykjavík. Hátíðin er ein sinnar tegundar á Íslandi. Hún er einnig “showcase hátíð” og ráðstefna er haldin samhliða hátíðinni þar sem fagaðilum frá lykilmörkuðum erlendis er boðið til borgarinnar til að sjá og njóta íslenskrar tónlistar. Að auki kemur afar stór hópur blaðamanna til landsins til að fjalla um hátíðina, tónlistina, land og borg.

Árið 2018 keypti Sena Live hátíðina eftir fjárhagsörðuleika hennar árin á undan. Sena Live er leiðandi tónleikahaldsfyrirtæki á Íslandi og hafa stjórnendur Senu Live áratuga reynslu af viðburða- og tónleikahaldi. Sena Live tók við Iceland Airwaves með það markmið að bjarga hátíðinni; lyfta rekstrinum upp úr erfiðleikum með faglegrri stjórn, sérfræðiþekkingu, öflugum tengslum um allan heim og með það að leiðarljósi að viðhalda menningarlegu gildi hátíðarinnar og mikilvægi hennar fyrir íslenska tónlistariðnaðinn.

Árið 2019 setti Iceland Airwaves á laggirnar styrktarsjóð fyrir íslenskar hljómsveitir. Þrjár Airwaves hljómsveitir fá þá afhentan styrk að hátíð lokinni til að greiða upptöku-, ferða- og markaðskostnað. Hljómsveitirnar eru valdar af Airwaves hátíðinni, áhorfendum og mikilvægum samstarfsaðilum, þar á meðal Reykjavíkurborg. Tilgangurinn er fyrst og fremst að auka áhrifin sem Iceland Airwaves hefur yfir allt árið með því að styðja við og veita efnilegum íslenskum hljómsveitum stuðning og hjálpa þeim að ná betri árangri árið um kring.

Airwaves Pro ráðstefnan hóf formlega göngu sína í ár, 2019. Þar var ráðstefnuhlutinn, sem ÚTÓN hefur rekið undanfarin ár, formlega skipulagður af Iceland Airwaves teyminu til að auka enn á vægi viðskiptatengsla og þekkingar. Ráðstefnan er haldin í samstarfi við ÚTÓN, STEF, Tónlistarborgina og Iceland Naturally. Stofnanirnar nýta þar með tækifærið sem Iceland Airwaves veitir til að bjóða til landsins lykilaðilum þar sem fram fara skapandi og hvetjandi umræður um tónlistarborgina, rekstrarumhverfi tónlistarmanna, tónlistarstjóra, næturlífið osfrv.

5. gr. Kynningarmál

Reykjavíkurborg vill að sýnileiki Borgarhátíða sé eins mikill og kostur er. Reykjavíkurborg tekur í því augnamiði að sér uppsetningu og niðurtöku fána Iceland Airwaves í miðborg Reykjavíkur og hvetur til aukins samtals og samstarfs milli Reykjavíkurborgar og Iceland Airwaves um aðgerðir sem auka sýnileika hátíðarinnar.

Iceland Airwaves bera ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar og og leggja sig fram um að skapa sem besta og jákvæðasta umfjöllun og kynningu á hátíðinni í innlendum sem erlendum fjölmiðlum.

Á öllu kynningarefni Iceland Airwaves jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að Iceland Airwaves sé styrkt af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni Iceland Airwaves, þ.á.m. á vefsvæði hátíðarinnar, í auglýsingum, veggspjöldum, bæklingum, markaðspósti, boðskortum og í allri sérstakri útgáfu með því að hafa auðkennismerki Reykjavíkurborgar sýnilegt.

Iceland Airwaves skulu gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar hátíðin er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við.

Hafa má samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum ef óskað er eftir og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík.

6. gr. Ábyrgð

Iceland Airwaves ber ábyrgð á Iceland Airwaves, fagmennsku hátíðarinnar og gæðum. Iceland Airwaves bera ábyrgð á skuldbindingum sem hátíðin eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Iceland Airwaves er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Iceland Airwaves. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í apríl/maí ár hvert 2020, 2021 og 2022, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins. Iceland Airwaves leggja á þeim fundi fram endurskoðað uppgjör eða áritaðan ársreikning vegna fyrra árs ásamt áformum um hvernig næsta hátíð muni uppfylla markmið samningsins. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna. Jafnframt skal leggja fram endurskoðað uppgjör eða áritaðan ársreikning fyrir menningar-, íþrótt- og tómstundaráð árlega og skal fulltrúi Iceland Airwaves kynna hátíðina og uppgjorið á fundi ráðsins, sé þess óskað.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Iceland Airwaves hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er heimilt að fella niður greiðslur þar til Iceland Airwaves hafa sýnt fram á að hátíðin muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs þ. 21. október 2019 um Borgarhátíðir Reykjavíkur 2020 – 2022. Samningurinn gildir til 31. desember 2022. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

10. gr. Meðferð ágreiningsmála

Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík,

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Iceland Airwaves

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift, nafn og kennitala:

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Tónskáldafélag Íslands kt. 660269-0889, Laufásvegi 40, 101 Reykjavík gera með sér svofelldan:

Samstarfssamning

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Tónskáldafélag Íslands vegna Myrkra músíkdaga á tímabilinu 1. janúar 2020 – 31. desember 2022.

1. gr. Markmið

Myrkir músíkdagar er útnefnd ein sex borgarhátíða Reykjavíkur 2020-2022. Markmiðið með útnefningu borgarhátíðanna er að styðja samfellu, framþróun og rekstrarlegan grundvöll hátíða í Reykjavík sem þegar hafa sannað ótvírætt gildi sitt hvað varðar þýðingu fyrir menningarlífið í borginni. Auk þess skal Borgarhátíð Reykjavíkur uppfylla eftirtalin skilyrði:

- vera til eflingar menningar og mannlífs í Reykjavík
- vera opin almenningi, aðgengileg og sýnileg
- hafa verið haldin að lágmarki þrisvar sinnum
- vera haldin árlega
- vera með alþjóðlega tengingu
- standa yfir í þrjá daga eða lengur
- vera með faglega stjórn
- viðhafa góða stjórnarhætti og rekstrarlegt gegnsæi
- fullnægja kröfum um fagmennsku og gæði
- styðja við menningarstarf í hverfum borgarinnar
- stuðla að atvinnusköpun

Einnig var við útnefninguna litið til þátta s.s. nýsköpunar, barnamenningar, aðsóknar, stöðugleika, þróunarmöguleika, tímasetningar innan ársins, tekjuöflunarmöguleika, umhverfismála, samstarfs við borgarstofnanir og þess að útnefndar Borgarhátíðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins bæði varðandi gesti og þátttakendur.

Jafnframt skal hátíðin starfa í anda menningarstefnu, mannréttindastefnu og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Myrkra músíkdaga er að:

- styðja mikilvægan vettvang framsækinnar nútímatónlistar á Íslandi sem endurspegli margbreytileika tónlistar í samtímanum. Hinir ólíku straumar í íslenskrri tónsköpun í samtímanum birtist í fjölbreyttri dagskrá Myrkra músíkdaga – þar sem komi saman tónskáld og tónlistarflytjendur úr flestum geirum íslensks tónlistarlífs
- vekja athygli á nýrri íslenskrri tónlist, bæði héraendis og erlendis
- tryggja samfellu og framþróun í árvissri hátíð sem laði að sér gesti til borgarinnar

2. gr. Markmið Myrkra músíkdaga

Hlutverk og markmið Myrkra músíkdaga er að kynna fyrir almenningi ólíka strauma tónsköpunar í samtímanum. Árlega koma saman á hátíðinni íslenskir og erlendir listamenn og flytja vikulanga dagskrá sem endurspeglar margbreytileika nútímatónlistar.

Samstarf við erlendar lista- og menntastofnanir hefur alltaf verið eitt af meginmarkmiðum Myrkra músíkdaga. Þó svo að íslensk tónlist sé í aðalhlutverki sækja erlendir gestir hátíðina heim á hverju ári og hafa gert í áraraðir. Í gegnum margskonar alþjóðlegt samstarf hefur hátíðin boðið til sín listamönnum, listrænum stjórnendum, prófessorum og nemendum frá Norðurlöndunum, Evrópu, Kanada og Bandaríkjunum og stuðlað þannig að tengslum milli íslenskra listamanna og fagfólks um allan heim. Hafa þessar heimsóknir átt þátt í að veita íslensku listafólki brautargengi á erlendum markaði tónlistar og opnað þannig á alþjóðlegt samstarf og viðurkenningu.

Uppfræðsla yngri kynslóðarinnar er mikilvægur þáttur í eflingu samtímatónlistar og er lykilatriði í því að stækka áheyrendahóp hennar. Á undanförunum árum hafa Myrkir músíkdagar haldið tónleika og viðburði fyrir börn en árið 2019 var í fyrsta sinn ákveðið efna til sérstakrar hliðarhátíðar við Myrkra músíkdaga, sem nefnist Myrkrabörn, þar sem lögð var sérstök áhersla á að kynna samtímatónlist fyrir börnum með enn fjölbreyttari dagskrá. Börn eru áheyrendur og tónlistarfólk framtíðarinnar og þau eiga að hafa aðgengi að fjölbreyttri menningarflóru. Markmið Myrkrabarna er að gera samtímatónlist aðgengilega og kynna hana með fjölbreyttum og skemmtilegum viðburðum.

Markmið hátíðarinnar til framtíðar er að stuðla enn frekar að flutningi íslenskra tónverka héraðs og erlendis, en því verður náð með því að halda uppi öflugri kynningu á nútímatónlist með vandaðri og metnaðarfullri dagskrá sem samanstendur af nýrri íslenskri tónlist, þanta ný tónverk hjá íslenskum tónskáldum fyrir hátíðina og skipuleggja viðburði með vandaðri dagskrá fyrir börn sem hafa fræðilegt og uppeldislegt gildi ekki síður en skemmtun, en einnig með því að útvíkka frekar það alþjóðasamstarf sem grunnur hefur verið lagður að nú þegar. Mikilvægt er að rækta þessi tengsl til að greiða fyrir frekari útflutningi íslenskrar samtímatónlistar.

3. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Myrkra músíkdaga til í beinum fjárframlögum, kr. 5.000.000.- á ári 2020, 2021 og 2022. Greiðsla framlags skiptist þannig ár hvert:

kr. 3.000.000 þ. 1. - 3. janúar

kr. 2.000.000 þ. 1. - 3. febrúar

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 513-26-007644. Ekki er um frekari bein fjárframlög Reykjavíkurborgar til Myrkra músíkdaga að ræða.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2021 og 2022 eru með fyrirvara um samþykki borgarráðs og heimildir í fjárhagsáætlun 2021 og 2022. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

4. gr. Framlag Tónskáldafélags Íslands og forsaga Myrkra músíkdaga

Tónskáldafélag Íslands tekur að sér að halda Myrka músíkdaga árlega 2020, 2021 og 2022.

Tónlistarhátíðin Myrkir músíkdagar er ein elsta tónlistarhátíð landsins. Hún var stofnuð árið 1980 af Tónskáldafélagi Íslands sem vettvangur fyrir íslensk tónskáld til að fá verk sín flutt. Í dag er áhersla hátíðarinnar á að flytja og kynna samtímatónlist með áherslu á nýja, íslenska tónlist og flytjendur í bland við erlend verk og erlenda flytjendur

Hátíðin fer fram á hverju ári í miðju skammdeginu um mánaðarmót janúar og febrúar. Allt frá árinu 1980 hafa Myrkir músíkdagar verið einn helsti vettvangur framsækinnar nútímatónlistar á Íslandi og skapað mikilvæga umgjörð um frumsköpun og tilraunastarfsemi. Frumflutningur íslenskra tónverka gegnir iðulega veigamiklu hlutverki í dagskránni auk þess sem barnamenningu er gert hátt undir höfði. Á hátíðinni er lögð áhersla á áhugaverða og skemmtilega tónleika auk þess sem boðið er upp á ýmsa tónlistartengda viðburði, sýningar, fyrirlestra, málstofur og fleira. Myrkir músíkdagar hafa fyrir löngu áunnið sér sérstakan virðingarsess í íslensku tónlistarlífi og vakið athygli langt út fyrir landsteinana.

5. gr. Kynningarmál

Reykjavíkurborg vill að sýnileiki Borgarhátíða sé eins mikill og kostur er. Reykjavíkurborg tekur í því augnamiði að sér uppsetningu og niðurtöku fána Myrkra músíkdaga í miðborg Reykjavíkur og hvetur til aukins samtals og samstarfs milli Reykjavíkurborgar og Myrkra músíkdaga um aðgerðir sem auka sýnileika hátíðarinnar.

Myrkir músíkdagar bera ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar og leggja sig fram um að skapa sem besta og jákvæðasta umfjöllun og kynningu á hátíðinni í innlendum sem erlendum fjölmiðlum.

Á öllu kynningarefni Myrkra músíkdaga jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að Myrkir músíkdagar séu styrktir af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni Myrkra músíkdaga, þ.á.m. á vefsvæði hátíðarinnar, í auglýsingum, veggspjöldum, bæklingum, markaðspósti, boðskortum og í allri sérstakri útgáfu með því að hafa auðkennismerki Reykjavíkurborgar sýnilegt.

Myrkir músíkdagar skulu gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar hátíðin er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við.

Hafa má samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum ef óskað er eftir og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík.

6. gr. Ábyrgð

Tónskáldafélag Íslands ber ábyrgð á Myrkum músíkdögum, fagmennsku hátíðarinnar og gæðum. Tónskáldafélag Íslands ber ábyrgð á skuldbindingum sem Myrkir músíkdagar eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Tónskáldafélagi Íslands er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Myrka músíkdaga. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í september ár hvert 2020, 2021 og 2022, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins. Tónskáldafélag Íslands leggur á þeim fundi fram endurskoðað uppgjör eða áritaðan ársreikning vegna fyrra árs ásamt áformum um hvernig næsta hátíð muni uppfylla markmið samningsins. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna. Jafnframt skal leggja fram endurskoðað uppgjör eða áritaðan ársreikning fyrir menningar-, íþrótt- og tómstundaráð árlega og skal fulltrúi Myrka músíkdaga kynna hátíðina og uppgjörið á fundi ráðsins, sé þess óskað.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Tónskáldafélag Íslands hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er heimilt að fella niður greiðslur þar til Tónskáldafélag Íslands hefur sýnt fram á að hátíðin muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs þ. 21. október 2019 um Borgarhátíðir Reykjavíkur 2020 – 2022. Samningurinn gildir til 31. desember 2022. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

10. gr. Meðferð ágreiningsmála

Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík,

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Tónskáldafélags Íslands

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Reykjavík Dance Festival kt. 520402-3570, gera með sér svofelldan:

Samstarfssamning

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Reykjavík Dance Festival á tímabilinu 1. janúar 2020 – 31. desember 2022.

1. gr. Markmið

Reykjavík Dance Festival er útnefnd ein sex borgarhátíða Reykjavíkur 2020-2022. Markmiðið með útnefningu borgarhátíðanna er að styðja samfellu, framþróun og rekstrarlegan grundvöll hátíða í Reykjavík sem þegar hafa sannað ótvírætt gildi sitt hvað varðar þýðingu fyrir menningarlífið í borginni. Auk þess skal Borgarhátíð Reykjavíkur uppfylla eftirtalin skilyrði:

- vera til eflingar menningar og mannlífs í Reykjavík
- vera opin almenningi, aðgengileg og sýnileg
- hafa verið haldin að lágmarki þrisvar sinnum
- vera haldin árlega
- vera með alþjóðlega tengingu
- standa yfir í þrjá daga eða lengur
- vera með faglega stjórn
- viðhafa góða stjórnarhætti og rekstrarlegt gegnsæi
- fullnægja kröfum um fagmennsku og gæði
- styðja við menningarstarf í hverfum borgarinnar
- stuðla að atvinnusköpun

Einnig var, við útnefninguna, litið til þátta s.s. nýsköpunar, barnamenningar, aðsóknar, stöðugleika, þróunarmöguleika, tímasetningar innan ársins, tekjuöflunarmöguleika, umhverfismála, samstarfs við borgarstofnanir og þess að útnefndar Borgarhátíðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins bæði varðandi gesti og þátttakendur.

Jafnframt skal hátíðin starfa í anda menningarstefnu, mannréttindastefnu og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Reykjavík Dance Festival er að:

- styðja við íslenska danshöfunda og framþróun í greininni
- vekja athygli á og kynna íslenska danslist hér á landi og erlendis
- tryggja samfellu og framþróun í árvissri hátíð sem laði að sér gesti til borgarinnar

2. gr. Markmið Reykjavík Dance Festival

Grunnmarkmið hátíðarinnar er að vera hjartsláttur dansmenningar á Íslandi og sérstaklega í Reykjavík, með því að skapa vettvang og vitund um danslist með fagmennsku og gæði að leiðarljósi.

Reykjavík Dance Festival vinnur markvisst að:

- koma borgarbúum út á dansgólfið með því að færa dansinn úr leikhúsunum og út á meðal fólks, með þátttökuverkum ofl.

- að vera aðgengileg öllum sem hafa áhuga á að sækja hana með hófstíllu miðaverði og mörgum ókeypis viðburðum
- að vinna markvisst með unglingum að unglingadagskrá hátíðarinnar
- vinna náið með sjálfstæðum danslistamönnum
- að færa heiminn til Íslands og Ísland út í heiminn
- að eiga farsælt samstarf við menningar- og listastofnanir Reykjavíkur og Íslands
- að stuðla að atvinnusköpun innan sjálfstæðu senunnar á Íslandi

3. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Reykjavík Dance Festival til í beinum fjárframlögum, kr. 5.000.000.- á ári 2020, 2021 og 2022. Greiðsla framlags skiptist þannig ár hvert:

kr. 2.000.000 þ. 1.- 3. mars

kr. 2.000.000 þ. 1.- 3. júní

kr. 1.000.000 þ. 1.- 3. nóvember

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 513-14-102139. Ekki er um frekari bein fjárframlög Reykjavíkurborgar til Reykjavík Dance Festival að ræða.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2021 og 2022 eru með fyrirvara um samþykki borgarráðs og heimildir í fjárhagsáætlun 2021 og 2022. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til sammingsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

4. gr. Framlag Reykjavík Dance Festival og forsaga hátíðarinnar

Reykjavík Dance Festival skipuleggur og heldur Reykjavík Dance Festival árlega 2020, 2021 og 2022. Aðalviðburður hátíðarinnar er í nóvember en þar fyrir utan hafa tveir smærri viðburðir verið haldnir árlega síðan 2014, í mars/apríl og ágúst og fer fram bæði í leikhúsum s.s. Tjarnarbíó sem og óhefðbundnum leikrýmum.

Reykjavík Dance Festival er eina listdanshátíðin á Íslandi og hefur allt frá árinu 2002 stutt við íslenska danshöfunda og átt gríðarstóran þátt í framþróun dansins sem listgreinar hér á landi. Grunnmarkmið hátíðarinnar er að vera hjartsláttur dansmenningar á Íslandi og sérstaklega í Reykjavík, með því að skapa vettvang og vitund um danslist með fagmennsku og gæði að leiðarljósi.

Á síðustu sextán árum hefur Reykjavík Dance Festival náð að festa sig í sessi sem þungamiðja sjálfstæðu dans- og kóréografíu senunnar í Reykjavík og sem vettvangur fyrir sjálfstæða danslistamenn til að sýna verk sín. Á þessum árum hefur hátíðin skapað þarfan púls og kraft sem sístækkandi samfélag dansáhorfenda og listamanna hefur sótt í, til að upplifa allt sem viðkemur dansi og kóréografíu í Reykjavík. RDF hefur náð því að vera fæðingarstaður og uppeldisstöð fyrir horfendur, listamenn og sístækkandi menningu í kringum danslist og kóréografíu á Íslandi. Hátíðin nýtur nú virðingar innan hins alþjóðlega danssamfélags og er nú álitin verðugur og mikilvægur vettvangur fyrir alþjóðlega danshöfunda og verk þeirra.

5. gr. Kynningarmál

Reykjavíkurborg vill að sýnileiki Borgarhátíða sé eins mikill og kostur er. Reykjavíkurborg tekur í því augnamiði að sér uppsetningu og niðurtöku fána Reykjavík Dance Festival í miðborg Reykjavíkur og hvetur til aukins samtals og samstarfs milli Reykjavíkurborgar og Reykjavík Dance Festival um aðgerðir sem auka sýnileika hátíðarinnar.

Reykjavík Dance Festival bera ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar og leggja sig fram um að skapa sem besta og jákvæðasta umfjöllun og kynningu á hátíðinni í innlendum sem erlendum fjölmiðlum.

Á öllu kynningarefni Reykjavík Dance Festival jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að Reykjavík Dance Festival séu styrktir af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsrefni Reykjavík Dance Festival, þ.á.m. á vefsvæði hátíðarinnar, í auglýsingum, veggspjöldum, bæklingum, markaðspósti, boðskortum og í allri sérstakri útgáfu með því að hafa auðkennismerki Reykjavíkurborgar sýnilegt.

Reykjavík Dance Festival skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar hátíðin er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við.

Hafa má samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum ef óskað er eftir og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík.

6. gr. Ábyrgð

Reykjavík Dance Festival ber ábyrgð á Reykjavík Dance Festival, fagmennsku hátíðarinnar og gæðum. Reykjavík Dance Festival ber ábyrgð á skuldbindingum sem Reykjavík Dance Festival eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Reykjavík Dance Festival er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Reykjavík Dance Festival. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í maí/júní ár hvert 2020, 2021 og 2022, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins. Reykjavík Dance Festival leggur á þeim fundi fram endurskoðað uppgjör eða áritaðan ársreikning vegna fyrra árs ásamt áformum um hvernig næsta hátíð muni uppfylla markmið samningsins. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna. Jafnframt skal leggja fram endurskoðað uppgjör eða áritaðan ársreikning fyrir menningar,- íþróttá- og tómsundaráð árlega og skal fulltrúi Reykjavík Dance Festival kynna hátíðina og uppgjórið á fundi ráðsins, sé þess óskað.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Reykjavík Dance Festival hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er heimilt að fella niður greiðslur þar til Reykjavík Dance Festival hefur sýnt fram á að hátíðin muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar-, íþrótt og tómstundaráðs þ. 21. október 2019 um Borgarhátíðir Reykjavíkur 2020 – 2022. Samningurinn gildir til 31. desember 2022. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

10. gr. Meðferð ágreiningsmála

Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík,

F.h. Reykjavíkurborgar


F.h. Reykjavík Dance Festival

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift, nafn og kennitala:

Bókhalð og þjónusta

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík ehf

680704-2870



Ársreikningur
2018

SKÝRSLA STJÓRNAR

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík ehf var stofnað árið 2004 af Hrönn Marinósdóttur og er hún eigandi félagsins.

Starfsemi félagsins 2018 fólst í að auka kvikmyndaúrval á Íslandi með því að sýna listrænar kvikmyndir frá ýmsum stöðum úr heiminum.

Stjórn félagsins ákveður að afkomu ársins verði ráðstafað til næsta árs. Að öðru leyti vísast til ársreiknings varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu ári.

Helstu tölur úr rekstri ársins 2018

Hagnaður ársins var.....	95.667 kr.
Eigið fé í árslok var neikvætt um.....	7.036.987 kr.
Hlutfé í félaginu er.....	376.000 kr.

Stjórn Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík ehf staðfestir ársreikning þennan með undirskrift sinni.

Reykjavík 30.8.2019

Hrönn Marinósdóttir

ÁRITUN ÓHÁÐS SKOÐUNARMANNS


Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík ehf. vegna ársins 2018.

Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sundurliðanir og sjóðstreymi. Hann er saminn eftir bókhaldi félagsins og upplýsingum frá eigendum þess og er í fullu samræmi við góða reikningsskilavenju og á hann á að gefa rétta mynd af rekstri félagsins og stöðu þess í árslok.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga, með það að markmiði að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Framsetning ársreikningsins er með þeim hætti að allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Endurskoðun hefur ekki verið framkvæmd.

Reykjavík 30.8.2019



Sigfús Bjarnason, viðskiptafræðingur.

Rekstrarreikningur

	Skýr.	2018	2017
REKSTRARTEKJUR:			
Tekjur	1	59.962.456	59.526.926
Rekstrartekjur alls		<u>59.962.456</u>	<u>59.526.926</u>
REKSTRARGJÖLD:			
Vörunotkun	2	1.024.333	1.874.933
Laun og launatengd gjöld	3	38.186.485	31.931.088
Annar rekstrarkostnaður	4	20.366.384	25.878.907
Afskriftir	5	104.235	48.141
Rekstrargjöld alls		<u>59.681.437</u>	<u>59.733.069</u>
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		<u>281.019</u>	<u>(206.143)</u>
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:			
Vaxtatekjur og verðbætur	6	69.791	487.826
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur	7	(255.143)	(230.639)
		<u>(185.352)</u>	<u>257.187</u>
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi		<u>95.667</u>	<u>51.044</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>95.667</u>	<u>51.044</u>

Efnahagsreikningur 31/12

	Skýr.	2018	2017
EIGNIR:			
FASTAFJÁRMUNIR:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Áhöld og tæki	10	0	104.235
		0	104.235
Fastafjármunir alls:		0	104.235
VELTUFJÁRMUNIR:			
Skammtímakröfur	12	782.640	7.189.322
Eignarhlutir í öðrum félögum	13	100.000	100.000
Handbært fé	14	833.714	1.826.280
Veltufjármunir alls		1.716.354	9.115.602
Eignir samtals		1.716.354	9.219.837

Efnahagsreikningur 31/12

	Skýr.	2018	2017
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:			
EIGIÐ FÉ:			
Hlutfé		376.000	376.000
Órástafað eigið fé 01.01.	(7.508.654)	(7.559.698)
Hagnaður (tap) ársins		95.667	51.044
Eigið fé alls		<u>7.036.987</u>	<u>7.132.654</u>
LANGTÍMASKULDIR:			
SKAMMTÍMASKULDIR:			
Viðskiptaskuldir	16	6.097.032	13.026.360
Ógreitt vegna starfsfólks	17	2.395.879	3.319.953
Virðisaukaskattur	18	260.430	0
Skammtímaskuldir	19	0	6.178
Skammtímaskuldir alls		<u>8.753.341</u>	<u>16.352.491</u>
Skuldir alls		<u>8.753.341</u>	<u>16.352.491</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>1.716.354</u>	<u>9.219.837</u>

Sundurliðanir

	2018	2017
1. TEKJUR:		
Miðasala með vsk	9.311.460	8.143.753
Umsóknargjöld erlend	2.665.656	2.255.920
Auglýsingatekjur	1.636.228	1.269.667
Styrkir	41.613.494	41.920.152
Húsaleigutekjur	4.735.618	5.937.434
Tekjur alls	<u>59.962.456</u>	<u>59.526.926</u>
2. VÖRUNOTKUN:		
Vörukaup (vsk. 24,0%)	55.719	0
Keyptur sýningaréttur með vsk	75.000	0
Keyptur sýningaréttur mynda	881.533	1.158.326
Kostnaður v. innflutnings	0	716.607
Sendiingarkostnaður - vöruflutningar	12.081	0
Vörunotkun alls	<u>1.024.333</u>	<u>1.874.933</u>
3. LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD:		
Laun:		
Laun	13.688.000	13.105.000
Bifreiðastyrkur	960.000	920.000
Dagpeningar	1.255.934	1.478.947
Tryggingargjald	1.123.568	1.063.448
Lífeyrissjóðsframlag	1.754.486	1.499.776
Sjóðagjöld - mótframlag	200.204	180.871
Tryggingar starfsfólks	10.772	9.818
Endurmenntun og námskeið	348.000	0
Kaffikostnaður	523.748	290.332
Árshátíð og fl. vegna starfsmanna	3.060	28.654
Annar starfsmannakostnaður	342.807	57.795
	<u>20.210.579</u>	<u>18.634.641</u>
Aðkeypt þjónusta:		
Aðkeypt þjónusta	2.636.442	3.617.676
Aðkeypt þjónusta án vsk	12.341.570	5.658.582
Aðkeypt þjónusta erlend	2.787.384	4.020.189
Aðkeypt efni vegna þjónustu	210.510	0
	<u>17.975.906</u>	<u>13.296.447</u>
Laun og launatengd gjöld alls	<u>38.186.485</u>	<u>31.931.088</u>
4. ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR:		
Húsnæðiskostnaður:		
Rafmagn	164.745	220.217
Híti 11%	109.423	120.552
Öryggisgæsla	54.602	0
Húsaleiga	6.720.121	5.746.786
Húsaleiga m/vsk	0	3.598.387
Viðhald húsnæðis	424.397	68.318
Aðkeypt þjónusta v/viðhald húsnæðis	0	37.016
Hreinlætisvörur og rekstrarvörur	71.914	46.646
Gjaldfærð húsgögn	122.355	100.322
	<u>7.667.557</u>	<u>9.938.244</u>
Rekstur áhalda og tækja:		
Viðhald áhalda og tækja	94.120	76.552
Gjaldfærð áhöld og tæki	197.917	595.036
Gjaldfærður hugbúnaður	303.165	53.217
Gjaldfærðar innréttingar	9.944	0
Tækjaleiga	1.020.960	130.375
Vátryggingar	41.173	20.377
	<u>1.667.279</u>	<u>875.557</u>
Aðkeyptur akstur og rekstur bifreiða:		
Aðkeyptur akstur sendibifreiða	0	19.129
Aðkeyptur akstur leigubifreiða	24.610	0
Leiga bílaleigubíla	0	561.232
Bensín og olíur bílaleigubílar	199.416	166.575
Skattar og vátryggingar	0	10.000
Annar kostnaður bílaleigubílar	15.800	70.300
	<u>239.826</u>	<u>827.236</u>

Sundurliðanir

	2018	2017
Skrifstofukostnaður:		
Sími og netþjón	121.043	185.312
GSM símar	78.134	0
Posaleiga	4.780	43.220
Burðargjöld	10.190	7.855
Burðargjöld m/vsk	3.743	0
Innlendar bækur, blöð og tímarit	0	11.253
Tónlist Spotify og Itunes	8.789	27.099
Pappír, prentun og ritföng	136.811	1.435.354
Vottorð og leyfi	1.000	1.000
Skrifstofuáhöld	0	69.355
Rekstur tölvukerfis	465.878	1.825.740
Rekstur tölvukerfis án vsk	881.838	340.653
Annar skrifstofukostnaður	1.088	0
	<u>1.713.294</u>	<u>3.946.841</u>
Stjórnun og umsýsla:		
Endurskoðun og reikningsskil	1.009.366	1.098.121
Ferðakostnaður	3.707.554	5.721.199
Gisting innanlands m/vsk	0	(12.126)
Gisting innanlands án vsk	0	51.182
Funda- og viðskiptakostnaður	543.603	154.117
Risna og gjafir til viðskiptavina	364.057	361.067
Félags- og aðildargjöld	87.105	13.800
Útvarpsgjald	17.100	16.800
Ráðstefnur	367.593	0
Auglýsingar	1.737.985	761.892
Auglýsingar án vsk	134.065	190.719
Auglýsingavörur	0	513.980
Auglýsingarhönnun	640.000	495.300
Gjafir og styrkir	0	230.647
Verðlaunagripir ofl.	238.935	104.300
Þjónustugjöld og fit kostnaður	46.578	47.172
Þjónustugjöld með vsk	0	200.760
Þjónustugjöld Visa/Euro	68.955	293.556
Starfsábyrgðartrygging	0	18.530
Annar kostnaður	20.020	2.379
Annar kostnaður án vsk	95.512	27.634
	<u>9.078.428</u>	<u>10.291.029</u>
Annar rekstrarkostnaður alls	<u>20.366.384</u>	<u>25.878.907</u>
5. AFSKRIFTIR:		
Afskriftir áhalda og tækja	104.235	48.141
Afskriftir alls	<u>104.235</u>	<u>48.141</u>
6. VAXTATEKJUR OG VERÐBÆTUR:		
Vaxtatekjur	69.791	75.509
Gengishagnaður	0	412.317
Vaxtatekjur og verðbætur alls	<u>69.791</u>	<u>487.826</u>
7. VAXTAGJÖLD:		
Vaxtagjöld og verðbætur	(4.179)	(230.639)
Vaxta- og þjónustugjöld	(179.530)	0
Gengismunur	(71.434)	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur alls	<u>(255.143)</u>	<u>(230.639)</u>
10. ÁHÖLD OG TÆKI:		
Áhöld og tæki 01.01	104.235	152.376
Fyrning ársins	(104.235)	(48.141)
Áhöld og tæki alls	<u>0</u>	<u>104.235</u>

Sundurliðanir

	2018	2017
12. SKAMMTÍMAKRÖFUR:		
Inneign vsk	0	3.025.013
Viðskiptamenn	767.551	2.912.878
Viðskiptamenn erlendir	0	1.246.621
Fjármagnstekjuskattur, afdreginn	15.089	4.810
Skammtímakröfur alls	782.640	7.189.322
13. EIGNARHLUTIR Í ÖÐRUM FÉLÖGUM:		
Eignarhlutar í Bío Paradís	100.000	100.000
Eignarhlutir í öðrum félögum alls	100.000	100.000
14. HANDBÆRT FÉ:		
306-26-2870 2870	586.341	486.225
EUR 301-38-718870	71.486	1.220.686
EUR 301-38-718293	65.191	61.016
EUR 301-38-718364	46.686	43.696
USD 0301-38-182870	28.963	4.528
0301-13-302935 Markaðsreikningur	35.047	1.620
Veltureikn.0101-26-80704	0	8.509
Handbært fé alls	833.714	1.826.280
16. VIÐSKIPTASKULDIR:		
Lánardrottinnar	3.617.737	4.418.595
Elendir lánardrottinnar	51.446	347.217
AMEX*6014	0	40.182
Mastercard **2 (*2014)	52.046	211.579
Mastercard **7	289.838	0
Viðskiptaskuldir eigendur	2.085.965	8.008.787
Viðskiptaskuldir alls	6.097.032	13.026.360
17. ÓGREITT VEGNA STARFSFÓLKS:		
Ógreiddur lífeyrissjóður	816.680	1.093.230
Ógreidd staðgreiðsla	1.579.199	2.226.723
Ógreitt vegna starfsfólks alls	2.395.879	3.319.953
18. VIRÐISAUKASKATTUR:		
Uppgjörsreikningur fyrir vsk.	260.430	0
Virðisaukaskattur alls	260.430	0
19. AÐRAR SKAMMTÍMASKULDIR:		
Ógreidd opinber gjöld	0	6.178
Skammtímaskuldir alls	0	6.178

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri	Skýr	2018	2017
Hagnaður (tap) ársins		95.667	51.044
Rekstarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir.....		104.235	48.141
Veltufé frá rekstri		199.902	99.185
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun).....		6.406.682	(3.847.164)
Aðrar skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....		(7.599.150)	838.649
Handbært fé frá rekstri		(992.566)	(2.909.330)
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfestingar í varanlegum rekstarfjárumunum			
Fjárfestingahreyfingar		0	0
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjármögnunarhreyfingar		0	0
Hækkun (lækkun) handbærs fjárs		(992.566)	(2.909.330)
Handbært fé í upphafi árs		1.826.280	4.735.610
HANDBÆRT FÉ Í LOK ÁRS		833.714	1.826.280

HINSEGIN DAGAR

Fjárhagsuppgjör 2018

Áritun skoðunarmanns
Rekstrarreikningur 2018
Efnahagsreikningur 31.12.2018


Fjárhagsáætlun 2019

Tekið saman af gjaldkera Hinsegin daga
Lagt fram á aðalfundi félagsins þann 07.02.2019

